

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Fjarðabyggð.

Breyting á deiliskipulagi miðbæjar Reyðarfjarðar, Búðareyri 10 og 12.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á 395. fundi sínum 10. apríl 2025 óverulega breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Reyðarfjarðar, Búðareyri 10 og 12. Í óverulegri breytingu deiliskipulagsins er um að ræða stækkun á lóð nr. 10 og samsvarandi minnkun á lóð nr. 12. Bæjarstjórn Fjarðabyggðar telur breytinguna ekki hafa grenndaráhrif. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Óveruleg breyting á deiliskipulaginu Leira 1.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á 395. fundi sínum 10. apríl 2025 óverulega breytingu á deiliskipulaginu Leira 1. Í óverulegri breytingu deiliskipulagsins sem felst í breytingu á lóðarmörkum Leirubakka 4 og að bætt er við nýrri lóð, Leirubakka 9. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi Bakkagerðis 1.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á 395. fundi sínum 10. apríl 2025 óverulega breytingu á deiliskipulagi Bakkagerðis 1. Breytingin tekur til lóða við Brekkugerði 18 og 16, Breiðamel 1-9, Mógerði 1 og Litlagerði 1a og 1b. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Fjarðabyggð, 16. apríl 2025.

Aron Leví Beck skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 7. maí 2025